

02.04 2020

Ágætu foreldrar.

Eftir kennslu á morgun, föstudag, hefst páskafrí í Egilsstaðaskóla. Ákveðið hefur verið í samráði við fræðsluylfirvöld að fyrsti dagur að loknu páskaleyfi verði starfsdagur og því verður fyrsti kennsludagur fyrir nemendur miðvikudagurinn 15. apríl.

Þar sem samkomubann hefur verið framlengt, stefnum við á að skólahald verði í sömu mynd og verið hefur undanfarna viku, þ.e. skólahald fyrir nemendur annan hvern dag, nema fyrir forgangshópa. Markmiðið með starfsdeginum er að taka stöðuna varðandi starfsmenn og nemendur og aðlaga skólahaldið í framhaldi ef þarf. Ef breytingar verða á skólahaldi, mun það verða tilkynnt í tölvupósti frá skólastjóra síðdegis þann 14.apríl.

Það er mikilvægt að við höfum nákvæmar upplýsingar um þá nemendur sem stunda nám sitt heima vegna aðstæðna á hverjum tíma. Því vil ég biðja foreldra sem hafa haft börn sín heima vegna aðstæðna og hyggjast gera það áfram, eða hyggjast hafa þau heima eftir páskaleyfi að tilkynna það til skólastjóra á netfangið [ruth@egilsstadir.is](mailto:ruth@egilsstadir.is) sem fyrst og ekki síðar en 13.apríl. Þannig hjálpið þið okkur að fá mynd á stöðuna og meta starfsmannþörf og þá þjónustu sem við getum veitt.

Ég vil síðan þakka ykkur öllum kærlega fyrir stuðning og skilning á aðstæðum í skólanum á þessum krefjandi tímum. Ég óska ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegra páska og góðra stunda í páskaleyfinu.

Með kveðju,  
Ruth Magnúsdóttir, skólastjóri